



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P** 135 / 1414
komudagur 14.2.2008

Reykjavík 13.2 2008.
ASÍ mál: 200802-0002

Efni: Umsögn um frumvarp til innheimtulaga, 324 mál.

Lengi hefur verið þörf á því að sett séu lög um innheimtu fjárskuldbindinga. Ástæður þess eru augljósar enda hafa skuldarar fram til þessa verið næsta varnarláusir gagnvart innheimtuaðgerðum innheimtuaðila sem lengst af hafa verið lögmenn. Réttarstaða skuldara hefur verið mjög veik og þeir þurft að sæta afarkostum, hvort sem innheimta á sér stað með eða án réttarfarsúrræða enda innheimtan ætíð gerð undir hótum um beitingu þeirra.

Frumvarpið tekur á hluta þessa vanda en gengur fjarri lagi það langt að viðunandi sé. Til þess að innheimtulög nái tilgangi sínum verða þau einnig að taka til innheimtu fjárskuldbindinga á grundvelli réttarfarsúrræða. Sérstök réttarfarsúrræði til innheimtu fjárskuldbindinga veita innheimtuaðilum sterka og ósanngjarna réttarstöðu gagnvart skuldara. Fullyrða má, að eftir að krafa er gjaldfallin og viðvörunarfrestur liðinn sé skuldari upp á náð og miskunn þeirra lögmanna sem kröfuna innheimta kominn, án þess að geta borið hönd fyrir höfuð sér. Þ.e. undir hótun um aðför að skuldara sjálfum, ábyrgðarmönnum hans eða undir hótun um að nauðungaruppboð fari fram á eignum hans er samningsstaða hans vonlaus og engra úrræða að leita fyrr en viðkomandi aðgerð hefur náð fram að ganga með því tjóni og þeim afleiðingum sem slíkt getur haft í för með sér. Það á meðal annars við andmæli hans gegn óhóflegum innheimtukostnaði, innheimtukostnaði reiknuðum af gjaldföllum skuldabréfum sem þó er leyft að komið sé í skil o.fl.

Það er því eindregin skoðun Alþýðusambands Íslands, að jafnvel þó frumvarpið skapi nokkra vörn gegn óhóflegri gjaldtöku og harðræði meðan kröfur eru í forinnheimtu, þá veiti það ekki það skjól sem skuldsettum og varnarláusum einstaklingum er nauðsynlegt þegar gjaldfallnar skuldir eru innheimtar í skjóli einfaldra, hraðvirkra og beittra réttarfarsúrræða sem kröfuhöfum hafa verið sköpuð til verndar hagsmunum sínum. Hér hallar verulega á.

Hvað einstök ákvæði frumvarpsins varðar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

6.gr. Ekki er ljóst við hvað átt er þegar sagt er að beitt sé „tjóni“ við innheimtunar. Tjón er afleiðing einhvers sem beitt er en ekki athöfin sjálf sem tjóninu veldur. Það saman á að nokkru við notkun hugtaksins „ópægindi“.

7.gr. Skv. lokamálsgrein 7 gr. eru kröfuhafi og innheimtuaðili láusir undan öllum skyldum um innheimtuviaðvaranir hafi skuldari mótmælt kröfunni. Engin efnisleg rök hníga til þessara takmörkunar. Flestar kröfur sem settar eru til forinnheimtu byggja á rafrænum gögnum og öðrum gögnum kröfuhafa. Tilraunir skuldara til þess leita leiðréttingar á forstigum máls, m.a. með mótmælum eiga ekki samhlíða

að svipta hann rétti til þeirrar verndar sem innheimtulögunum þó er ætlað að veita honum.

12.gr. Í greinargerð segir að ekki sé stefnt að því að skuldari komist undan greiðslu „áætlaðs kostnaðar“. Frumvarpinu í heild sinni er ætlað að setja takmörk við kostnað í innheimtum. Með kostnaði er væntanlega átt við útlagðan kostnað innheimtuaðila og eðlilega þóknun hans fyrir verkið. Með áætluðum kostnaði er væntanlega átt við útlagðan kostnað sem ekki hefur verið lagður út eða þóknun sem ekki hefur verið unnið fyrir en greinargerð með 12.gr. gefur því undir fótinn að slíkan kostnað megi innheimta í skjóli laganna en ekki verðu annað séð en að það vinni beint gegn markmiðum frumvarpsins.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ